

**3535. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 25. maí 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Einar Brandsson varamaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

- 1. 2305052 - Almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga 2023**
Erindi Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga til sveitarstjórna þar sem gerð er grein fyrir starfsáætlun eftirlitsnefndarinnar á árinu 2023.
Lagt fram.
- 2. 1911178 - Kerfisáætlun Landsnets 2023 - 2032**
Landsnet vekur athygli sveitarstjórna á að kerfisáætlun fyrirtækisins, ásamt framkvæmdáætlun og umhverfisskýrslu vegna tímabilsins 2023 til og með 2032 sé nú í opnu umsagnarfresti til 30. júní nk.
Lagt fram.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að rýna áætlunina og fyrirhugaðar tengingar við Akranes.
Samþykkt 3:0
- 3. 2305124 - Skógarlundur 7 - umsókn um byggingarlóð**
Umsóknargjald hefur verið greitt og umsóknin því tæk til afgreiðslu.
Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar Skógarlundur nr. 7 til umsækjanda.
Samþykkt 3:0
- 4. 2305080 - Brúin starfshópur um forvarnir - leyfisveitingar vegna skemmtanahalds**
Erindi starfshópsins til bæjarráðs þar sem skorað er á bæjarráð að breyta verklagi við afgreiðslu umsókna um áfengisleyfi (tækifærisleyfi) á að þann hátt málsmeðferð geri m.a. ráð fyrir að leitað verði umsagnar forvarnarfulltrúa og/eða starfshópsins.

Heiðrún Janusardóttir situr fundinn undir þessum lið.
Bæjarráð þakkar erindið og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.
Samþykkt 3:0

Heiðrún Janusardóttir víkur af fundi.

Handwritten signatures and initials in blue ink.

5. 2303014 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2023

497. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs).

Lagt fram.

6. 2305150 - Sameyki - verkfallsboðun

Erindi Sameykis um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna (starfsmanna Akraneskaupstaðar) um verkfallsboðun hjá Akraneskaupstað.

Niðurstaðan var samþykkt af 89,6% félagsmanna en þátttaka í atkvæðagreiðslunni var 63,2%.

Vinnustöðvun verður hjá starfsfóki félagsins á fjármála- og þjónustusviði Akraneskaupstaðar á tímabilinu frá kl. 00:00 mánudaginn 5. júní nk. til kl. 23:59 miðvikudaginn 5. júlí nk.

Vinnustöðvun verður hjá starfsfóki félagsins á skipulags- og umhverfissviði Akraneskaupstaðar á tímabilinu frá kl. 00:00 mánudaginn 5. júní nk. til kl. 23:59 laugardaginn 17. júní nk.

Lagt fram.

Bæjarráð vonast til að samningsaðilar nái sem fyrst að leiða ágreining sinn til lykta með undirritun ásættanlegs samkomulags fyrir báða aðila. Erfiðar efnahagsaðstæður eru uppi sem stendur og óvissa og ágreiningur á vinnumarkaði síst til þess fallnar að bæta þá stöðu.

7. 2305162 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2023

Viðauki vegna launa við fjárhagsáætlun 2023.

Kristjana Helga Ólafsdóttir situr fundinn undir þessum lið sem og undir lið nr. 9.

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 6 við fjárhagsáætlun ársins 2023 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

Viðaukinn felur í sér ráðstöfun að fjárhæð kr. 151.391.412 vegna kjarasamninga Sambands Íslenskra sveitarfélaga við Verkalýðsfélag Akraness. Viðaukinn bókast á viðeigandi deildir samkvæmt meðfylgjandi skjali.

Viðbótarkostnaði er mætt af óvissum útgjöldum 20830-1697 og ráðstöfunin hefur því ekki áhrif á áætlaða rekstrarniðurstöðu.

Samþykkt 3:0

8. 2302196 - Fjárhagsáætlun 2023 - viðaukar

Sameiginlegur viðauki bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 7 og vísar honum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunartöku.

Samþykkt 3:0

9. 2305163 - Árshlutauppgjör 2023

Árshlutauppgjör janúar til mars 2023.

Svava Sverrisdóttir situr fundinn undir þessum lið.

Lagt fram.

Svava Sverrisdóttir vikur af fundi.

10. 2305180 - Beiðni um fjármagn til búnaðarkaupa í Garðasel

Erindi leikskólastjóra um fjárveitingu vegna búnaðarkaupa fyrir yngstu þjónustuþegana. Óskað er heimildar til kaupa á 35 lágum stólum og 7 borðum en samkvæmt fyrirliggjandi tilboði er kostnaður samtals kr. 1.466.000.

Bæjarráð samþykkir erindið sem felur í sér útgjöld samtals að fjárhæð kr. 1.466.000. Ráðstöfuninni er mætt af lið nr. 20830-4660 og færð á deild 04140-4660.

Samþykkt: 3:0

11. 2305045 - Aðalskipulag Akraness 2021-2033 breyting - Jaðarsbakkar

Bæjarstjórn Akraness vísaði málinu til frekari úrvinnslu bæjarráðs með samstarfsaðilum samkvæmt viljayfirlýsingu um uppbyggingu á Jaðarsbökkum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins, þar á meðal að undirbúa vinnufundi með samstarfsaðilum um verkefnið.

Samþykkt 3:0

12. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakkar

Bæjarstjórn Akraness vísaði málinu til bæjarráðs til frekari úrvinnslu með samstarfsaðilum samkvæmt viljayfirlýsingu um uppbyggingu á Jaðarsbökkum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins, þar á meðal að undirbúa vinnufundi með samstarfsaðilum um verkefnið.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:50.

Valgerður Þ. Jónsdóttir
Ragnar Samundsson
Einar Brandsson
Óskunna Björnsdóttir
Seinnir